

Reglur um  
umhverfisevntun á  
vörum með norræna  
umhverfismerkinu  
Svaninum

Norræna umhverfismerkið  
9. mars 2016



Í nóvember árið 1989 gaf Norðurlandaráð út tilskipun um stofnun valfrjáls opinbers umhverfismerkis, norræna umhverfismerkisins, sem nefnist öðru nafni Svanurinn. Neðangreindar stofnanir sjá um rekstur norræna umhverfismerkisins í umboði stjórnvalda í hverju landi.

Fyrir nánari upplýsingar, leitið vinsamlega til eftirtalinnna vefsíðna:

**Nordic Ecolabelling:**

[www.nordic-ecolabel.org](http://www.nordic-ecolabel.org)

**Danmörk:**

Miljømærkning Danmark  
Fonden Dansk Standard  
Göteborg Plads 1  
DK-2150 NORDHAVN  
Tel: +45 72 300 450  
[www.ecolabel.dk](http://www.ecolabel.dk)  
[info@ecolabel.dk](mailto:info@ecolabel.dk)

**Finnland:**

Miljömärkning Finland  
Box 489  
FI-00101 HELSINGFORS  
Tel: +358 9 6122 5000  
[www.ecolabel.fi](http://www.ecolabel.fi)  
[joutsen@ecolabel.fi](mailto:joutsen@ecolabel.fi)

**Ísland:**

Norræn umhverfismerking á Íslandi  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
IS-108 REYKJAVÍK  
Tel: +354 591 20 00  
[www.svanurinn.is](http://www.svanurinn.is)  
[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

**Noregur:**

Miljømerking  
Henrik Ibsens gate 20  
NO-0255 OSLO  
Tel: +47 24 14 46 00  
[www.ecolabel.no](http://www.ecolabel.no)  
[info@ecolabel.no](mailto:info@ecolabel.no)

**Svíþjóð:**

Miljömärkning Sverige AB  
Box 38114  
SE-110 64 STOCKHOLM  
Tel: +46 8 55 55 24 00  
[www.ecolabel.se](http://www.ecolabel.se)  
[info@ecolabel.se](mailto:info@ecolabel.se)

# Reglur um umhverfisvottun á vörum með norræna umhverfismerkinu

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Umsókn.....	1
2.1	Umsókn um leyfi fyrir norræna umhverfismerkinu.....	1
2.2	Trúnaður og miðlun upplýsinga.....	2
2.3	Gildistími leyfis/skráningar.....	3
2.4	Flutningur.....	3
2.5	Uppsögn.....	3
2.6	Afturköllun leyfis/skráningar.....	3
2.7	Misnotkun á norræna umhverfismerkinu.....	3
2.8	Skuldbindingar.....	4
3	Eftirlit.....	4
3.1	Val á rannsóknarstofu.....	4
3.2	Úttekt í kjölfar umsóknar.....	4
3.3	Gæða- og umhverfistrygging.....	4
3.4	Árleg skoðun/framhaldsskoðun.....	5
4	Gjöld.....	5
5	Um endurskoðun ákvarðanna og kvartanir.....	5
6	Skráning.....	6
7	Reglur um notkun norræna umhverfismerkisins.....	6
8	Breytingar á reglum þessum.....	6
	Viðauki 1: Skuldbindingar umsækjanda og framleiðanda.....	7

## 1 Inngangur

Eftirtaldar reglur gilda fyrir þau fyrirtæki sem sækja um eða eru með leyfi til að nota norræna umhverfismerkið. Reglurnar voru gefnar út af stjórn norrænu umhverfismerkisnefndarinnar hinn 9. mars 2016.

Skilyrði fyrir hverja vöru (verslunaryöru eða þjónustu) má finna í viðmiðunarskjali. Umsækjandi þarf að uppfylla kröfur í viðeigandi viðmiðunarskjali til að fá leyfi til að nota norræna umhverfismerkið Svaninn og standast úttekt og yfirferð starfsmanna Svansins.

Hvert norrænu ríkjanna heldur úti stofnun sem annast umhverfismerkingar í umboði innlendra stjórnvalda.

## 2 Umsókn

### 2.1 Umsókn um leyfi fyrir norræna umhverfismerkinu Svaninum

#### 2.1.1 Viðmiðunarkröfur

Í kjölfar samþykktar norrænu umhverfismerkisnefndarinnar gefa umhverfismerkisstofnanirnar út viðmiðunarkröfur fyrir umhverfismerkingu vöru og þjónustu. Fyrir hvern og einn vöruflokk er til viðmiðunarskjal þar sem kröfur eru útlistaðar. Kröfurnar eru rýndar og endurskoðaðar og þær venjulega hertar, þeim breytt eða skipt út eftir því sem tíminn líður. Að því loknu eru nýjar útgáfur af viðmiðunarskjölum gefnar út. Gildistími viðmiða er tilgreindur í viðmiðunarskjalinu. Leyfi til að nota norræna umhverfismerkið fæst þegar umsækjandi hefur uppfyllt kröfurnar í viðkomandi viðmiðunarskjali. Viðmiðunarskjöl eru birt á vefsíðum umhverfismerkisstofnananna.

#### 2.1.2 Leyfisumsóknir

Umsóknir sendast til umhverfismerkisstofnunar í hverju landi. Samkvæmt samningum á milli stofnananna, geta umsóknir verið unnar af annarri umhverfismerkisstofnun. Umsækjandinn er látinn vita ef svo er gert. Fyrirtæki utan Norðurlanda sækja um hjá umhverfismerkisstofnun í því landi þar sem aðalmarkaðssvæðið er. Í umsókninni koma fram upplýsingar um fyrirtækið sem sækir um, hvaða vöru er sótt um leyfi fyrir, áætluð ársvelta vörunnar o.fl. Í umsókninni koma einnig fram skuldbindingar umsækjanda og framleiðenda (sjá viðhengi).

Viðmiðarskjölin segja til um hvaða gögn verða að fylgja umsókn. Viðkomandi umhverfismerkisstofnun getur farið fram á að umsóknin sé gerð á ákveðinn hátt, t.d. skjöl séu merkt á ákveðinn máta og að umsókninni sé skilað rafrænt. Umsækjandinn er ábyrgur fyrir söfnun og áreiðanleika nauðsynlegra upplýsinga. Einnig sér umsækjandi um allan kostnað er tengist söfnun gagna. Öll vörumerki og viðskiptaheiti sem munu falla undir leyfið verða að fylgja umsókninni og er umsækjandi skylt að uppfæra þessar upplýsingar á meðan leyfið er í gildi. Upplýsingarnar eiga að ná til allra Norðurlanda sem varan er markaðssett í. Viðkomandi umhverfismerkisstofnun getur krafist frekari upplýsinga um vöruna, t.d. strikamerkis, upplýsinga um dreifingaraðila eða upplýsinga tengdar markaðssetningu vörunnar utan Norðurlandanna.

Uppfylla þarf þær kröfur sem eru útlistaðar í aðalútgáfu viðmiðaskjals sem er í gildi á þeim tíma er umsóknin er gerð. Breytingar á reglugerðum yfirvalda eða efnafræðilegum flokkunarreglum getur haft áhrif á forsendur leyfis á gildistíma. Sú umhverfismerkisstofnunin sem tekur við umsókninni athugar allar kröfur í viðeigandi viðmiðaskjali og auk þess allar þær sérstöku innlendu kröfur sem kunna að hafa verið settar fram í því landi sem merkt hefur verið við á

umsóknareyðublaðinu. Umhverfismerkisstofnunin er ábyrg fyrir öllum samskiptum við leyfishafann hvað varðar leyfið til umhverfismerkingar. Ef þau gögn sem er skilað eru ófullnægjandi mun vera óskað eftir frekari gögnum. Ef umsækjandi hefur ekki skilað fullnægjandi gögnum innan 12 mánaða frá umsókn sem sýna fram á að varan standist kröfur norræna umhverfismerkisins Svansins getur umhverfismerkisstofnunin hafnað umsókninni.

### Vörur og framleiðslustaðir

Eitt leyfi getur náð yfir fleiri vörur innan sama vöruflokks. Að jafnaði nær hvert leyfi yfir einn framleiðslustað, en Svanurinn getur ákveðið samkvæmt tilgreindum skilyrðum að fyrir ákveðna vöruflokka gildi leyfið fyrir fleiri framleiðslustaði.

### Tegund leyfis

Alla jafna er leyfi um norræna umhverfismerkið gilt í öllum löndum heimsins en í vissum vöruflokkum er mögulegt að sækja einungis um leyfi í einu Norðurlandanna. Fyrir aðra vöruflokka, s.s. venjulega þjónustuflokka, er umsókn gerð fyrir hvert land þar sem umsækjandinn er með starfsemi. Upplýsingar um hvaða reglur gilda fyrir hvaða vöruflokk má finna á vefsíðu Svansins í viðkomandi landi.

### Breytingar á vöru eða framleiðslu

Á gildistíma leyfisins, er það á ábyrgð leyfishafa að tilkynna tafarlaust til viðkomandi umhverfismerkisstofnunar um breytingar á vöru eða framleiðsluferli sem getur haft áhrif á hvort vara uppfylli viðmið og kröfur Svansins. Umhverfismerkisstofnunin metur hvort breytingin krefjist endurúttektar á vöru og sannprófunar á samræmi milli framleiðslu vörunnar og krafanna.

#### 2.1.3 Umsækjandi

Að jafnaði getur framleiðandi vöru eða þjónustu sótt um leyfi ef ekki annað hefur verið ákveðið fyrir einstaka vöruflokka af norræna umhverfismerkinu Svaninum. Önnur fyrirtæki, svo sem innflutningsaðilar, smásalar, dreifingaraðilar og aðrir, geta einnig sótt um leyfi fyrir vöru ef fyrirtækið er það eina sem er ábyrgt fyrir innflutningi og sölu vörunnar á norrænum markaði og að framleiðandi hafi skrifað undir umsóknina.

Með því að senda inn umsókn skuldbindur umsækjandi sig, ef umsóknin verður samþykkt, til að fara að ákvæðum í gildandi viðmiðaskjali og reglum þessum fyrir Svaninn. Framleiðandi vöru ber ábyrgð á því sem snýr að umhverfismerkjastofnuninni, jafnvel þegar innflutningsaðili, smásali eða dreifingaraðili er skráður umsækjandi.

Fyrirtæki sem er ábyrgt fyrir skráningu ákveðinnar vöru hefur, í skráningarlandinu, sömu skyldur og leyfishafi hvað varðar bæði vöru og notkun norræna umhverfismerkisins.

## 2.2 Trúnaður og miðlun upplýsinga

Umhverfismerkisstofnanirnar skuldbinda sig til að meðhöndla trúnaðarupplýsingar sem berast í tengslum við leyfisumsóknir og skráningu og/eða í tengslum við þróun umhverfismerkisviðmiðana með viðeigandi trúnaði.

Orðið „trúnaðarupplýsingar“ vísar hér til upplýsinga – tæknilegra, viðskiptalegra, persónulegra, eða af öðrum toga – sem skipst hefur verið á í tengslum við ofangreind atriði og lítið er á sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um leyfi í gildi og leyfishafa þeirra eru opinberar.

## 2.3 Gildistími leyfis/skráningar

Leyfi eða skráning er í gildi á því tímabili sem viðeigandi viðmiðunarregla er í gildi. Þegar gildistíma viðeigandi viðmiðunarreglu lýkur og ný endurskoðuð viðmiðunarregla er samþykkt af norrænu umhverfismerkisnefndinni þarf að sækja um leyfið á nýjan leik. Leyfishafi er látinn vita af nýjum kröfum með góðum fyrirvara, í samræmi við tímaáætlun viðmiða. Ef gildistími viðmiðunarreglu er framlengdur þarf ekki að sækja um að nýju þar sem leyfið/skráningin framlengist sjálfkrafa.

## 2.4 Flutningur

Leyfi eða skráningu er einungis heimilt að flytja að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki umhverfismerkisstofnunarinnar. Umsókn fyrir flutning leyfis/skráningar sendist skriflega til umhverfismerkisstofnunar í landi leyfis-/skráningarhafa.

## 2.5 Uppsögn

Leyfi eða skráning er uppsegjanleg af handhafa hennar. Uppsögn skal skilað inn skriflega og þriggja mánaða uppsagnarfrests er krafist. Tilkynning um uppsögn skal berast umhverfismerkisstofnun í landi leyfis-/skráningarhafa.

## 2.6 Afturköllun leyfis/skráningar

Leyfi eða skráningu umhverfismerkisins má afturkalla ef handhafi leyfis/skráningar eða varan uppfyllir ekki kröfurnar sem tilgreindar eru í reglum þessum, í viðmiðaskjölum eða lögum og tilskipunum sem tengjast vörunni. Vangreiðsla á gjöldum, röng reikningsskil (sjá kafla 4) og röng notkun umhverfismerkisins, samkvæmt kafla 7 eða *Reglum um notkun norræna umhverfismerkisins Svansins* getur allt leitt til ógildingar leyfis.

Ef leyfi er ógilt, fellur rétturinn til að nota norræna umhverfismerkið tafarlaust úr gildi. Ógilding leyfis leiðir til ógildingar á skráningu í öðrum norrænum löndum sem tengjast leyfinu. Ógilding getur verið tímabundin eða gilt út gildistíma viðmiða. Áfrýja má úrskurði um ógildingu, sjá kafla 5.

Í undantekningartilvikum getur norræna umhverfismerkisnefndin ákveðið að rifta, eða á annan hátt breytt verulega, viðmiðunum á meðan á venjulegum gildistíma stendur ef nýjar upplýsingar koma fram varðandi heilbrigðis- og umhverfisáhrif. Í slíkum tilfellum áskilja umhverfismerkisstofnanirnar sér rétt til að afturkalla öll leyfi innan þess vöruflokks.

## 2.7 Misnotkun á norræna umhverfismerkinu

Ráðstafanir eru alltaf gerðar gegn óheimilli notkun norræna umhverfismerkisins. Leyfishafar og skráðir aðilar mega aðeins nota norræna umhverfismerkið á meðan viðkomandi leyfi eða skráning er í gildi. Notkun norræna umhverfismerkisins Svansins skal vera í samræmi við reglurnar í kafla 7 og gildandi útgáfu af *Reglum um notkun norræna umhverfismerkisins Svansins*.

Réttur leyfishafa til að nota umhverfismerkið rennur út í lok leyfistímans, þegar leyfið fellur úr gildi eða þegar leyfistengslum/leyfissamskiptum leyfishafa og þeirrar umhverfismerkisstofnunar

sem í hlut á lýkur á einn eða annan hátt. Uppsögn leyfis leiðir alltaf til tafarlausrar ógildingar á tengdum skráningum.

Ef fyrrverandi handhafi leyfis/skráningar heldur áfram að nota umhverfismerkið án þess að vera veitt nýtt leyfi/skráning áskilur umhverfismerkisstofnun sér rétt til að krefjast fjárhagslegra bóta. Upphæð slíkra bóta skal vera jöfn þeim veltutengdu leyfisgjöldum sem leyfishafi hefði þurft að greiða fyrir leyfi og fésekt. Upphæð fésektar skal meta með hliðsjón af umfangi og lengd brotsins auk þess tjóns sem norræna umhverfismerkið hefur orðið fyrir vegna slíkrar misnotkunar. Slík fésekt ætti að jafnaði ekki að vera undir 4.000 evrum (fjögur þúsund). Umhverfismerkisstofnanirnar geta einnig höfðað mál gegn brotum á umhverfismerkinu eða ef gildandi útgáfu af *Reglum um notkun norræna umhverfismerkisins Svansins* hefur ekki verið framfylgt..

Með ólöglegri notkun er einnig átt við þegar leyfishafi notar umhverfismerkið Svaninn þrátt fyrir að vörurnar uppfylli ekki viðmiðin sem leyfishafa er skylt að uppfylla.

## 2.8 Skuldbindingar

Ábyrgð leyfishafa á vöru eða skuldbinding gagnvart þriðja aðila flyst ekki frá leyfishafa til umhverfismerkisstofnunar við leyfisveitingu og skráningu.

Leyfishafinn skal ekki vitna í leyfisveitingarkerfið eða eftirlit umhverfismerkisstofnunar í hvers kyns ábyrgð eða lýsingu á skuldbindingum.

Umhverfismerkisstofnanirnar bera ekki ábyrgð á tapi eða skaða sem þriðji aðili kallar yfir sig sem leiðir af notkun umhverfismerkisins, þar með talið í auglýsingum.

Leyfishafi skal bæta umhverfismerkisstofnunum skaða og koma í veg fyrir tap, skaða eða ábyrgð sem umhverfismerkisstofnanirnar gætu orðið fyrir vegna brots leyfishafa á samningi eða vegna misbrests á að vara uppfylli kröfur í viðmiðaskjali á gildistíma leyfisins.

Leyfishafar skulu nota norræna umhverfismerkið af drengskap og í samræmi við kröfur umhverfismerkisstofnanna, sjá kafla 7 og viðauka 1. Óheimil notkun verður kærð.

Ofangreindir liðir gilda jafnt um fyrirtæki með skráða vöru.

## 3 Eftirlit

### 3.1 Val á rannsóknarstofu

Sýnataka og greining, eftirlit og/eða próf eða þess háttar mun fara fram eins og tilgreint er í viðmiðaskjali fyrir viðeigandi vöruflokk. Rannsóknarstofur skulu vera óháðar og hæfar nema annað sé tekið fram í viðmiðaskjali. Umsækjandi ber ábyrgð á skjalfestingu niðurstaða og hugsanlegum kostnaði.

### 3.2 Úttekt í kjölfar umsóknar

Áður en leyfi er veitt framkvæmir umhverfismerkisstofnun úttekt hjá umsækjanda eða framleiðandan. Ef þörf er á geta úttektarheimsóknir verið fleiri.

### 3.3 Gæða- og umhverfistrygging

Leyfishafanum er skylt, með aðstoð skjalfestra verklagsreglna og leiðbeininga, að tryggja að allar umhverfismerktar vörur uppfylli viðmið umhverfismerkisins á meðan á gildistíma leyfis/skráningar stendur. Leyfishafa er einnig skylt að geyma skjöl er varða prófanir, mælingar og annað því tengt sem viðeigandi viðmiðaskjal gerir kröfu um. Leyfishafa er skylt að halda skrá

um allar kvartanir og leiðréttingar sem gerðar eru í tengslum við umhverfismerktar vörur. Umhverfismerkisstofnanirnar eiga rétt á að krefjast tafarlausrar afhendingar framangreindra gagna.

Ofangreindir liðir gilda jafnt um fyrirtæki með skráða vöru.

### 3.4 Árleg skoðun/framhaldsskoðun

Leyfishafa er skylt að semja og leggja fram ársskýrslur til umhverfismerkisstofnana líkt og fram kemur í viðmiðaskjali fyrir viðkomandi vörflokk.

Umhverfismerkisstofnunin sem veitt hefur umhverfismerkisleyfið/-skráninguna getur, með viðbótarúttekt, gengið úr skugga um að hin merкта vara uppfylli nauðsynleg skilyrði. Slíkar viðbótarúttektir geta verið gerðar hjá leyfishafa, framleiðanda, dreifingaraðila, innflutningsaðila, heildsala eða smásala án fyrirvara.

Ef skoðun leiðir í ljós ágalla getur umhverfismerkisstofnunin sem veitti leyfið gert nánari skoðanir eða krafðið leyfishafa til að gera breytingar á vörunni, framleiðslunni eða gæðakerfinu. Leyfishafanum verður send skrifleg tilkynning um slíka breytingarkröfu. Breytingar verða að vera gerðar innan skynsamlegs tímaramma frá þeim degi er umhverfismerkisstofnunin tilkynnti um þær.

Ef skoðun leiðir í ljós að ekki sé farið eftir kröfum í viðmiðaskjali, getur umhverfismerkisstofnunin sem veitti leyfið skipað leyfishafa að gera tafarlaust viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfum. Slíkar breytingar verða að eiga sér stað innan fjórtán (14) daga frá þeim degi er umhverfismerkisstofnunin tilkynnir um þær. Að öðrum kosti getur umhverfismerkisstofnunin afturkallað leyfið og skipað leyfishafa að hætta allri notkun merkisins, jafnvel á síðari stigum sölufærlisins. Leyfishafi er ábyrgur fyrir öllum kostnaði sem hlotist getur vegna afturköllunar ranglega umhverfismerktra vara.

Ofangreindir liðir gilda jafnt um fyrirtæki með skráða vöru.

## 4 Gjöld

Gjaldskrá norræna umhverfismerkisins Svansins fylgir þeim meginreglum sem lýst er í leiðbeiningum fyrir umhverfismerki sem Norræna ráðherranefndin hefur gefið út. Allar ákvarðanir um gjaldtöku er að finna í gildandi útgáfu *Reglna um gjaldtöku norræna umhverfismerkisins Svansins*. Gjöld fyrir ákveðna þjónustu- og vörflokka eru staðfest af umhverfismerkjastofnun hvers lands og er hægt að nálgast þær á vefsíðum stofnananna.

## 5 Um endurskoðun ákvarðanna og kvartanir

Umhverfismerkisstofnanirnar hafa skjalfestar verklagsreglur fyrir meðferð vegna endurskoðunar ákvarðanna. Endurskoðunarferlið er unnið í samvinnu norrænu ríkjanna. Umhverfismerkisstofnanirnar hafa einar rétt á að úrskurða hvort tiltekin vara sé hæf fyrir umhverfismerkingu. Þessi ákvörðun er endanleg og er ekki til endurskoðunar. Beiðni um endurskoðun vegna synjunar ófullnægjandi umsóknar eða ógildingu leyfis/skráningar er hægt að senda umhverfismerkisstofnuninni sem tók ákvörðunina. Í málum er varða ógildingu leyfis eða skráningar getur leyfishafinn eða skráði aðilinn ekki, nema annað komi fram, notað umhverfismerkið á meðan á endurskoðunarferlinu stendur.

Beiðni um endurskoðun skal berast skriflega eigi síðar en fjórum (4) vikum eftir að tilkynning berst um ákvörðunina. Aðeins þeir sem tengjast umsókninni mega senda endurskoðunarbeiðni. Framlögð beiðni verður að gera grein fyrir ákvörðuninni sem endurskoða á, þeirri breyttu



Ákvörðun sem krafist er og hlutlægum rökstuðningi fyrir beiðninni. Aðilanum sem biður um endurskoðun er skriflega sagt frá ákvörðuninni af hálfu aðila sem eru ábyrgir fyrir málsmeðhöndlun innanlands.

Umhverfismerkisstofnanirnar hafa einnig innri verklagsreglur fyrir meðferð kvartana.

## 6 Skráning

Umhverfismerkisstofnanirnar halda utanum og uppfæra skrá um leyfðar og skráðar vörur. Þessi skrá er birt á vefsíðum þeirra. Aðeins upplýsingar sem ekki teljast til trúnaðarupplýsinga eru birtar.

## 7 Reglur um notkun Svansins

Norræna umhverfismerkið Svanurinn, er kennimerki norræna umhverfismerkisins og skráð vörumerki verndað af innlendum og alþjóðlegum lögum (í gegnum WIPO). Öll réttindi merkisins eru eign norrænu umhverfismerkisstofnananna. Þau veita fyrirtækjum, í takmarkaðan tíma, leyfi til að nota umhverfismerkið á þær vörur sem fengið hafa umhverfismerkisleyfi.

Leyfishöfum er því gert að virða kennimerkið sem slíkt. Það þýðir að þeir mega ekki breyta, setja aðrar myndir yfir, skrifa texta yfir, eða að öðru leyti breyta útliti merkisins. Umhverfismerkið má ekki vera innan, eða vera hluti af, kennimerkjum fyrirtækisins eða vara þess. Allar reglur um notkun kennimerkis Svansins er að finna í gildandi útgáfu af *Reglum um notkun norræna umhverfismerkisins Svansins*. Leyfishafinn ber ábyrgð á að þessum reglum sé fylgt.

Umhverfismerkið má ekki nota þann hátt að túlka megja það sem hluta af almennri ímynd fyrirtækisins (nema að öll vörulína fyrirtækisins sé innan leyfisins) né á óvottaðar vörur. Ekki má markaðssetja sömu vöru með og án norræna umhverfismerkisins innan Norðurlandanna.

Leyfishafinn er ábyrgur fyrir að reglum sem kveða á um notkun og framsetningu umhverfismerkisins sé fylgt í allri vörumerkingu, markaðssetningu og auglýsingu á umhverfismerktu vörunni. Auk þess að fylgja landslögum um markaðsstarf og reglum ICC um umhverfisauglýsingar og markaðssamskipti. Umhverfismerkisstofnanirnar áskilja sér rétt til að gera úttektir á notkun kennimerkisins og, eins og við á, krefja leyfishafa um breytingar á notkun.

## 8 Breytingar á reglum þessum

Norræna umhverfismerkið Svanurinn áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum. Allir leyfishafar og skráðir aðilar verða látnir vita skriflega af slíkum breytingum.

## Viðauki 1: Skuldbindingar umsækjanda og framleiðanda

Við umsókn skráir umsækjandi upplýsingar um fyrirtækið sem sækir um leyfi og þær vörur sem sótt er um leyfi fyrir ásamt veltu þeirra. Umsóknin nær einnig yfir skuldbindingar umsækjanda og framleiðenda á eftirfarandi hátt:

### Skuldbindingar umsækjanda

Við höfum kynnt okkur reglur um norræna umhverfismerkingu á vörum: *Reglur um umhverfissvottun á vörum með norræna umhverfismerkinu*, *Reglur um gjaldtöku norræna umhverfismerkisins* og *Reglur um notkun norræna umhverfismerkisins*. Ef umsókn okkar um leyfi fyrir umhverfismerkingu verður samþykkt skuldbindum við okkur til að fylgja öllum reglum og ákvæðum sem koma fram í viðmiðunarreglunum og öðrum reglum sem viðkomandi norræn umhverfismerkisstofnun upplýsir okkur um.

#### Við skuldbindum okkur til að fylgja ofangreindum reglum og til að:

- standa við gildandi opinberar kröfur varðandi innra og ytra umhverfi í tengslum við alla framleiðslu og meðhöndlun á vörinni.
- standa við gildandi opinberar kröfur á Norðurlöndum varðandi vöruna.
- nota einungis umhverfismerkið á vörur sem að öllu leyti uppfylla núgildandi kröfur viðmiðanna.
- nota ekki umhverfismerkið á aðrar vörur en þær sem eru skráðar með leyfið.
- markaðssetja ekki vöru á Norðurlöndum sem ber vöruheiti sem er það sama eða svo líkt vöruheiti umhverfismerktrar vöru að misskilningi gæti valdið.
- nota norræna umhverfismerkið í samræmi við lið 7 í *Reglur um umhverfissvottun á vörum með norræna umhverfismerkinu* og *Reglum um notkun norræna umhverfismerkisins*.
- upplýsa neytendur um þýðingu umhverfismerkinga í markaðssetningu og auglýsingum á umhverfismerktum vörum.
- greiða tilskilið gjald til umhverfismerkisstofnunarinnar og annan kostnað í tengslum við umsókn okkar fyrir umhverfismerkisleyfi og fyrir úttektir og prófun umhverfismerktra vara sem viðmiðaskjöl kveða á um eða aðrar reglur.
- sækja um skráningu og borga leyfisgjöld og annan kostnað fyrir vörur, sem heyra ekki undir norræna gjaldkerfið, til umhverfismerkisstofnananna annars staðar á Norðurlöndunum þar sem hin umhverfismerkta vara er til sölu.
- láta gögn fylgja umsókninni er varða sérstakar innlendar kröfur ef vöruna á að markaðssetja í öðrum löndum en þeim sem tilgreind eru þegar umsókn er gerð.
- gera umhverfismerkisstofnun skaðlausa af kröfum eða fjárhagslegum kostnaði vegna skaða sem vara framleidd og/eða seld af leyfishafa hefur valdið, þar með taldir gallar og misbrestir á vörinni sjálfri.
- nota norræna umhverfismerkið aðeins á meðan leyfið fyrir það er í gildi.

Samkomulagið sem veitir leyfi til að vísa til og nota norræna umhverfismerkið er í gildi frá þeim tíma sem viðkomandi umhverfismerkingarstofnun hefur staðfest skráningu með útgáfu skráningarskírteinis.

### Skuldbinding framleiðanda

Við höfum kynnt okkur reglur um norræna umhverfismerkingu á vörum. Ef umsókn okkar um umhverfismerkisleyfi verður samþykkt skuldbindum við okkur til að fylgja öllum reglum og ákvæðum sem koma fram í viðmiðaskjali og öðrum reglum sem umhverfismerkisnefndin upplýsir okkur um. Einnig skuldbindum við okkur til að fylgja gildandi opinberum lögum og reglum varðandi vöruna og varðandi innra og ytra umhverfi framleiðslu og meðhöndlun vörunnar.